



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
Hugvísindasvið

# Fólksfækkun í Japan á 21.öld

*Munu innflytjendur leysa vandann sem að  
japönsku þjóðinni steðjar?*

Ritgerð til B.A.-prófs

Stefán Atli Thoroddsen

Janúar 2011

Háskóli Íslands  
Hugvísindasvið  
Austur Asíufræði

# Fólksfækkun í Japan á 21.öld

*Munu innflytjendur leysa vandann sem að  
japönsku þjóðinni steðjar?*

Ritgerð til B.A.-prófs

Stefán Atli Thoroddsen

Kt.: 290187-2739

Leiðbeinandi: Jón Egill Eypórsson

Janúar 2011

## Ágrip

Íbúartala Japans mun lækka úr um 127 milljónum manna í dag niður í um 95 milljónir manna árið 2050, samkvæmt spám. Auk þess fara lífslíkur Japana hækkandi. Þessi tvö atriði skapa mikla hættu fyrir framtíð Japansks efnahags, sem hefur aldrei náð sér á strik síðan efnahagshrun átti sér stað í Japan í byrjun níunda áratugarins. Fjöldi fræðimanna bendir á að ef fjölgun yrði í komu innflytjenda til Japans, myndi vandamálið ekki vera jafn slæmt. Þrátt fyrir að í fjölda ára hafi verið sýnt fram á að íbúartala Japans muni fara niður á við, hafa Japönsk stjórnvöld ekki gert neitt til að leysa vandamálið og ekki er mikil von á því að afdrifaríkar ákvarðanir verði teknar á næstu árum miðað við þau málefnum sem hinn nýji valdaflokkur í Japan, Japanski lýðræðisflokkurinn leggur áherslu á í stefnuskrá sinni fyrir núverandi kjörtímabil. Hér á eftir verður fjallað um nauðsyn þess að fá innflytjendur inn í Japanskt samfélag, og einnig settar fram vangaveltur um hvort innflytjendur geti lifað í sátt og samlyndi við Japanskt samfélag. Niðurstaðan er sú að þörf sé á grundvallarbreytingu í hugsunarhætti Japana í garð innflytjenda ef innflytjendur eigi að geta lifað í sátt og samlyndi við innfædda.

## Efnisyfirlit

|  |    |
|--|----|
| Inngangur .....                                | 2  |
| Íbúartala Japans .....                         | 3  |
| Skortur á vinnuafli og lausn vandans .....     | 6  |
| Innflytjendamál í Japan á 20.öld .....         | 10 |
| Zainichi Kóreubúar .....                       | 14 |
| Innflytjendamál í japönskum stjórnámálum ..... | 18 |
| Að fá inn innflytjendur eða ekki?.....         | 20 |
| Lokaorð .....                                  | 24 |
| Heimildaskrá .....                             | 26 |

## Inngangur

Í dag búa rúmir sex milljarðar manna á jörðinni. Því er spáð að árið 2050 að sú tala muni hækka upp í níu milljarða. Á sama tíma mun Japönum fækka úr 127 milljónum niður í um 95 milljónir manns. Japanir eiga við mjög slæmt vandamál að stríða. Japanski efnahagurinn hefur aldrei náð sér á strik síðan efnahagshrun átti sér stað í byrjun tíunda áratugarins og það er óvíst hvað muni gerast þegar fólksfækkunin eykst með hverju ári. Ekki er nóg með að fólksfækkun eigi sér stað í Japan, heldur eru Japanir einnig að verða eldri og eldri. Hlutfall ellilífeyrisþega hækkar stöðugt miðað við japanskt vinnuafli og verður til þess að vinnuaflið kemur til með að halda uppi efnahag sem fleira fólk reiðir sig á. Efnahagsstórslys er yfirvofandi í Japan ef ekki verður gripið til einhverra úrráða.

Á meðan japönsk ungmenni giftast seinna á lífsleiðinni og eignast færri börn er aðeins eitt til ráða ef fjölga á íbúartölu Japans og hugsanlega laga stöðu mála: Að fá til landsins fleiri innflytjendur. Japanir hafa ekki mikla reynslu í innflytjendamálum miðað við aðrar þróaðar iðnvæddar þjóðir. Aðeins tvisvar sinnum á 20. öldinni hafa Japanir tekið á móti stórum hópum innflytjenda í einu. Kínverjar og Kóreubúar settust að í Japan þegar Japan réði yfir Kóreuskaga og hluta Kína í byrjun tuttugustu aldarinnar. Næst þurftu Japanir á innflytjendum að halda á níunda áratuginum þegar lítil og millistór fyrirtæki neyddust til þess að ráða til sín ódýrt erlent vinnuafli þegar skortur á vinnuafli í Japan var hvað mestur. Sú bylgja lægðist við efnahagshrunið í byrjun tíunda áratugar og ekki hefur verið leitað til nýrra innflytjenda síðan þá. Nú í dag er þörf á innflytjendum til Japans vegna þeirrar fólksfækkunnar á sér stað þar í landi. Stefnuleysi stjórnvalda í innflytjendamálum auk annarra þátta sem ræddir verða hér, gefa vísbendingu um að innflytjendur séu ekki velkomnir til Japans, þrátt fyrir að það þyki nauðsyn að fá þá inn sem innspýtingu í Japanskt efnahagslíf.

Japanir hafa gerst sekir um mannréttindabrot gegn innflytjendum, og enn þann dag í dag á sér stað ýmiskonar óréttlæti gegn þessum minnihlutahópi í Japan. Þrátt fyrir að margir hafa stigið skref í átt framfara og vilja taka á móti innflytjendum er

tímaskekkjuhugsun flestra Japana um að Japan sé einsleit þjóð, eða land eins þjóðernis, lífseig mýta sem gerir það að verkum að þjóðernishygga og útlendingafælni er enn við lýði. Niðurstaða þessarar ritgerðar er sú að það þurfi að gera grundvallarbreytingu á hugsunarhætti Japana í garð innflytjenda ef þeir eigi að geta lifað í sátt og samlyndi við innfædda.

## Íbúartala Japans

Íbúatala Japans hefur tekið miklum stakkaskiptum síðastliðin 300 ár og mun halda áfram að gera það á 21. öldinni, en á þessari öld mun hún lækka gríðarlega. Frá 18. öld fram til miðbik 19. aldar hélst íbúatala Japans nokurnvegin óbreytt með um 30 milljónir manna. Eftir að Meji endurreisnartímabilið<sup>1</sup> hófst árið 1868 má segja að nútíma- og alþjóðavæðing Japans hafi hafist með öllum þeim pólitísku og efnahagslegu breytingum sem urðu á því tímabili. Japan opnaði sig í fyrsta skipti í langan tíma fyrir erlendum áhrifum, náði umráðum yfir Okinawa eyjum, Kóreuskaga og Mansjúríu í Kína, háði tvö nútímastríð um aldarmótin 1900, og var í mikilli útrás (Befu 2008). Íbúartala Japönsku þjóðarinnar þandist út á þessu tímabili og var búin að tvöfaldast árið 1926. Japanir voru orðnir 100 milljónir manns árið 1967, þremur árum eftir að Japanir héldu Ólympíuleika í Tókýó sem var einn af vendipunktum í uppgangi Japans eftir seinni heimsstyrjöldina. Á áttunda og níunda áratugi tuttugustu aldar hægði á íbúatölvextinum og náði hann loks hámarki sínu árið 2004 þegar Japanir voru orðnir 127,84 milljónir. Síðan þá hefur íbúatalan farið minnkandi með hverju árinu sem líður, tveimur árum á undan spám sem sögðu til um hvenær hún myndi byrja að lækka (*The Economist* 2010). Árið 2009 stóð hún í 127,51 milljónum 183,000 manns færri en árinu áður. Samkvæmt spám<sup>2</sup> mun þessi tala halda áfram að lækka og er áætlað að hún verði komin niður í um 95 milljónir árið 2050 (Statistical Bureau, Japan 2010).

---

<sup>1</sup> Meji Endurreisnartímabilið var upphaf eins mesta breytingarskeiðs í sögu Japan. Shoguna-veldi í Japan var skipt yfir í keisaraveldi. Ein af ástæðunum fyrir þessum þjóðfélagsbreytingum var sú staðreynd að Japanir voru ekki sambærileg öðrum nútíma og iðnvæddum þjóðum samtímans eins og Bandaríkjunum. Ýmiskonar umbætur í Japönsku samfélagi fylgdu með í kjölfarið, til dæmis áhersla á menntun og áhersla á að iðnvæða Japan (Schirokauer 2006, Gordon 2000).


<sup>2</sup> Íbúartöluspá er gerð á fimm ára fresti í Japan, sú síðasta var gerð árið 2005. Spáin fyrir árið 2010 gæti verið mjög breytt frá því fimm árum áður, en hún mun verða birt í febrúar árið 2011, á vef innanríkisráðuneytis Japans <http://www.stat.go.jp/english/data/kokusei/index.htm>

Tvær meginástæður þessarar lýðfræðislegu þróunar eru minnkandi frjósemi og hækkandi lífslíkur. Frjósemishlutfall Japönsku þjóðarinnar hefur verið að lækka frá því um miðbik síðustu aldar. Ástæður þessarar þróunnar eru eflaust margþættar, en nokkrir þættir eru áberandi oft nefndir í þessu samhengi. Mikilvægur þáttur sem útskýrir vandamálið er koma kvenna inn á vinnumarkað (Kato 2010). Fjölskyldumynstur hefur breyst við þetta og jafnvel, allt frá því að þéttbýlissvæðing verð þegar að þjóðir heimsins iðnvæddust. Þetta hefur orðið til þess að efnahagslegur ávinningur fjölskyldu við að eignast barn hefur minnkað frá því sem áður var. Kostnaður við barneignir hefur aukist til muna auk þess sem að getnaðarvarnir hafa gefið fólki ákveðið vald yfir barneignum sínum. (Longman 2004).

Árið 1950 eignaðist hver Japönsk kona 3,65 börn að meðaltali en það meðaltal lækkaði stöðugt niður í 1,33 barn árið 2001. Reynt hefur verið að taka á þessu vandamáli meðal annars með því að bjóða barnshafandi konum og barnsfeðrum þeirra að taka allt að þriggja ára barneignarleyfi til þess að hvetja fólk til barnseigna. Örfáir Japanir nýta sér þessa lausn en til að mynda nýta aðeins um 0,5% karlmanna sér þetta barneignaleyfi (Wagner 2007). Af þessu má sjá að aðferðir Japanskra stjórnámálanna til þess að vinna úr vandanum eru ekki að virka eins og ætlast hefði verið til. Aðrar þjóðir heimsins hafa skapað mun foreldravænni vinnuaðstæður fyrir konur en Japanir hafa gert. Þannig hafa til dæmis þjóðir Norðurlandanna og Frakklands getað stuðlað að minni sveiflum í frjósemi innan síns lands (Kato 2010).

Íbúatala Japans er ekki einungis að minnka með hverju árinu sem líður vegna frjósemisvandamálsins, heldur er japanska þjóðin að eldast. Fækkandi barnseignir á móti hækkandi lífslíkum þýðir að hlutfall þeirra sem koma nýjir inná vinnumarkað á móti þeim sem setjast í helgan stein verður ójafnt og skapar það mikið ójafnvægi fyrir Japanskan efnahag. Á milli árána 1950 og 2000 hafði japanska þjóðin elst mest allra þróaðra þjóða í heiminum, og hún heldur áfram að eldast (United Nations Population Division 2000). Árið 2055 er því spáð að þriðjungur Japana verði 65 ára eða eldri (Tabuchi 2011). Öll þróuð iðnríki kljást við þetta vandamál en japanska þjóðin er í sérstaklega slæmri stöðu vegna samspils frjósemivandamáls og hækkandi lífslíkna þjóðarinnar.

Á mynd 1 má sjá hvernig aldurskipting þjóðarinnar hefur var á tveimur tímabilum; á árunum 1950 og 2009, auk þess sem er spáð fyrir um hvernig aldurskiptingin komi til með að vera árið 2050. Myndin sýnir greinilega hvernig hlutfall vinnandi fólks miðað við hlutfall ellilífeyrisþega minnkar stöðugt. Árið 1950 voru ellilífeyrisþegar Japans aðeins 4,9 prósent þjóðarinnar miðað við að 59,6 prósent þjóðarinnar var vinnuafli. Með öðrum orðum þá var aðeins einn ellilífeyrisþegi á hverja tólf vinnandi einstaklinga árið 1950. Þetta hlutfall lækkar niður í 2,8 vinnandi einstaklinga á móti einum ellilífeyrisþega árið 2009. Loks er því spáð að það verði 1,3 vinnandi einstaklingur á móti 1 ellilífeyrisþega árið 2050. Afleiðingar þessarar þróunnar er óskrifuð saga. Ætla má að afleiðingarnar verið mjög alvarlegar fyrir japanska efnahaginn og því er ljóst að eitthvað þarf að gera til þess að koma í veg fyrir þá slæmu tíð sem spáð er fyrir um (Statistical Bureau, Japan 2010).



Mynd 1: (Statistical Bureau, Japan, 2010).



## Skortur á vinnuafli og lausn vandans

Skortur á vinnuafli verður vandamál flestra þróaðra iðnaðarríkja í framtíðinni, en það verður að öllum líkindum verra í Japan en í annarstaðar. Aðallega vegna fyrirgreindrar samspils frjósemivandamáls og hækkandi lífslíkna. Japanska þjóðin á tuttugustu öldinni hefur fyrst og fremst endurnýjast í gegnum barneignir, en ekki vegna komu innflytjenda til landsins. Því má segja að vegna fæðar á nýjum innflytjendum til Japans auk þess frjósemivandamáls sem á sér stað í landinu núna, er endurnýjun japönsku þjóðarinnar ekki nógu mikil til þess að íbúatalan haldist stöðug og reyndar fer íbúatala Japans lækkandi (Statistical Bureau, Japan 2010). Aðrar ástæður er hægt að telja upp vegna fækkandi barnseigna meðal ungs fólks í Japan. Masahiro Yamada lýsir ungu fólki sem fer ekki út af heimilum foreldra sinna sem, „Parasite singles“<sup>3</sup> eða heimöldum ungmennum<sup>4</sup> á íslensku. Meira en helmingur japanskra kvenna í kringum þrítugsaldurinn eru í þessum hópi. Þær búa enn hjá foreldrum sínum, borga ekki leigu og taka ekki þátt í heimilisstörfum. Til samanburðar, er talið að rúmur þriðjungur Bandarískra kvenna teljist til sama hóps (Orenstein 2001). Heimalin ungmenni og vandamál sem af þeim steðja er að finna víðsvegar um heiminn, til dæmis í Suður Evrópu þar sem barnseignir eru þær minnstu í heiminum, þá sérstaklega í Ítalíu (Curtin, Global Communications Platform, Part Three - Italy-Japan Comparisons 2002).

Ójafnvægi sem myndast á vinnumarkaði vegna þessarar samblöndu frjósemiskorts og öldrunar japönsku þjóðarinnar verður til þess að endurnýjun vinnuafllans verður ekki næg. Stærð vinnuafllans mun lækka í samræmi við ójafnvægi og þýðir það að færri vinnandi hendur þurfa að halda uppi hagkerfinu og komist hefur verið að því að á 21. öldinni munu færri en tveir einstaklingar koma til með að halda uppi einum ellilífeyrisþega í Japan (Ezrati 1997). Af framangreindu má sjá að það eru nokkrir samverkandi þættir sem gera íbúafjölda-vandamál Japana sérstaklega alvarlegt.

---

<sup>3</sup> Ástæðurnar fyrir fyrirbærinu eru óljósar en nefnt hefur verið að þessa einstaklingshyggja Japanskra ungmenna megi rekja aftur til efnahagsuppsveiflunnar á níunda áratuginum. Einnig hefur það verið nefnt að þessi þróun hjá ungu fólki sé skýr samfélagsgagnrýni gegn hefðbundnum japönskum venjum (Orenstein 2001). Þess ber þó að geta í því samhengi að heitið „Parasite singles“ hefur aðeins verið notað yfir þetta japanska fyrirbæri

<sup>4</sup> Að minni bestu vitund er ekki til þýðing á hugtakinu „Parasite singles“ á íslensku en orðið *heimalinn* er sterkur kandídat. Orðabókarskilgreining orðsins er: „Fóstraður heima: heimskt er heimalið barn er ætíð hefur verið heima.“ Þess vegna hef ég ákveðið að tala um heimalin ungmenni í þessu samhengi.

Frjósemisvandamál sem stjórnvöld hafa ekki getað komið í veg fyrir eins og aðrar þjóðir heimsins hafa gert, vandamál sem stafa af heimöldum ungmennum, og svo hár aldur japönsku þjóðarinnar. Allir þessir þættir gera það að verkum að Japanir eiga við vandamál að stríða í sambandi við íbúatölu sína. Japanir verða að horfast í augu við þær samfélagsbreytingar sem eiga sér stað, því ef ekkert er gert í málunum mun það hafa með sér í för slæmar afleiðingar fyrir efnahag þeirra.

Eins og áður kom fram er ójafnvægið á milli vinnuafldsins og ellilífeyrisþega í Japan of mikið. Það ójafnvægi mun halda áfram að aukast á komandi árum og auka vandann. Því er spáð að ellilífeyrisþegar muni vera þriðjungur japönsku þjóðarinnar árið 2055, en á sama tíma mun vinnuafllinn vera um þriðjungur minni en hann er í dag (Tabuchi 2011). Eitt af því sem mikilvægt er að gera efnahagslega séð, er að minnka það ójafnvægi sem komið er upp á milli japanska vinnuafldsins og ellilífeyrisþega. Þessi aukning leiðir til þess að lífeyriskerfi Japana mun lenda í erfiðleikum. Ef barneignum heldur áfram að fækka þýðir það að vandamálið mun halda áfram að aukast í framtíðinni, þar sem börn eru vinnuafll framtíðarinnar.

Ef að ójafnvægið heldur áfram að aukast, mun minnkandi vinnuaflli ekki ná að halda uppi lífeyriskerfi Japana sem stendur á veikum grunni nú þegar (Sakamoto 2009, 10). Frá árinu 1980 hefur lífeyriskerfi Japana verið í endurskoðun og hafa verið breytt fimm sinnum, nú síðast árið 2004. Frá árinu 1994 hafa þessar breytingar verið gerðar með tilliti til fækkandi barneigna og hækkandi lífslíka (Sakamoto 2009, 4). Japanska ríkið kom á sjálfvirku lífeyriskerfi sem réttir úr sér miðað við aðstæður. Það kerfi er líklegt til þess að fara úr skorðum ef vandamál í sambandi við öldrun og frjósemi lagast ekki. Lífeyriskerfið virkar þannig að hlutfall á milli barnseigna og ellilífeyrisþega þarf að vera ákveðið lítið miðað við núverandi kerfi. Ef hlutfallið verður meira en gert er ráð fyrir, þá stendur kerfið ekki undir sér og þá þarf að gera róttækar breytingar á lífeyriskerfinu. Því er spáð, að mjög líklega muni sjóðurinn falla niður fyrir þetta mark áður en að næsta endurskoðunartímabil gengur í garð og því er líklegt að réttindi þeirra sem fá greiðslur úr lífeyrissjóðum muni skerðast í náninni framtíð. (Sakamoto 2009, 10).

Ekki nóg með að lífeyriskerfið sé viðkvæmt, heldur er það ekki mjög aðlaðandi fyrir þá innflytjendur sem myndu vilja vinna í Japan. Sakamoto Junichi nefnir ekki þann kost að fá innflytjendur til þess að laga ójafnvægið á milli vinnuafls og ellilífeyrisþega, raunsæan kost sem er líklegur til þess að virka. Í staðin „vonar“ hann að frjósemi fari hækkandi í Japan svo ekki þurfi að taka til þessara stórtæku aðgerða sem hann nefnir (Sakamoto 2009, 11). Réttindi innflytjenda til lífeyris eru svo slæm að ef hvetja á þá til þess að vilja vinna í Japan, þá er nauðsynlegt að gera umbætur á réttindum þeirra. Níu prósent af launum hvers einstaklings, Japana eða innflytjenda, fara í lífeyrisgreiðslur sem eru svo tvöfaldaðar af vinnuveitanda. Hinsvegar, þá mun innflytjandi sem vinnur lengur en í 3 ár en, skemur en 25 ár ekki hafa nein réttindi til lífeyrisgreiðslna og situr því uppi með ekkert, ef hann snýr aftur til síns heimalands. Þótt sá einstaklingur hafi lagt sitt af mörkum til samfélagsins í 24 ár, þá eru réttindi hans til lífeyrisgreiðslna engin (Lloyd 2003). Þetta verður að teljast mjög óaðlaðandi kostur. Fljótlegasta leiðin til þess að auka við vinnuafllann í Japan er að laða innflytjendur til landsins. Bæta kjör þeirra og gera það að opinberri stefnu Japanska ríkisins að leitast eftir innflytjendum. Sú leið er að minnsta kosti skynasmlegri heldur en að bíða og vona að frjósemishlutfall Japönsku þjóðarinnar hækki. Japanir eru hinsvegar ekki þekktir fyrir það að laða innflytjendur til Japans. Þrátt fyrir það, hafa þeir þurft að leita til innflytjenda áður fyrr.

| Ár      | LÍFSLÍKUR<br>(ÁR) |        |           |        | Frjósemis-<br>Hlutfall |
|---------|-------------------|--------|-----------|--------|------------------------|
|         | M e n n           |        | K o n u r |        |                        |
|         | 0 ára             | 65 ára | 0 ára     | 65 ára |                        |
| 1947    | 50,06             | 10,16  | 53,96     | 12,22  | 4,54                   |
| 1950-52 | 59,57             | 11,35  | 62,97     | 13,36  | 3,65                   |
| 1955    | 63,60             | 11,82  | 67,75     | 14,13  | 2,37                   |
| 1960    | 66,32             | 11,62  | 70,19     | 14,10  | 2,00                   |
| 1965    | 67,74             | 11,88  | 72,92     | 14,56  | 2,14                   |
| 1970    | 69,31             | 12,50  | 74,66     | 15,34  | 2,13                   |
| 1975    | 71,73             | 13,72  | 76,89     | 16,56  | 1,91                   |
| 1980    | 73,35             | 14,56  | 78,76     | 17,68  | 1,75                   |
| 1985    | 74,78             | 15,52  | 80,48     | 18,94  | 1,76                   |
| 1990    | 75,92             | 16,22  | 81,90     | 20,03  | 1,54                   |
| 1995    | 76,38             | 16,48  | 82,85     | 20,94  | 1,42                   |
| 2000    | 77,72             | 17,54  | 84,60     | 22,42  | 1,36                   |
| 2005    | 78,56             | 18,13  | 85,52     | 23,19  | 1,26                   |

Mynd 2: (Sakamoto 2009, 3)

Þegar efnahagur Japans stóð sem hæst á níunda áratuginum varð skortur á vinnuafli. Eftir að hafa virkjað aðra kosti, eins og gamalmenni, höfðu Japanir engra annarra kosta vöð en að taka á móti innflytjendum til hjálpar efnahagi sínum. Eftir seinni heimsstyrjöldina reiddu Japanir sig lengi vel alfarið á Japanskt vinnuafli til þess að standa undir efnahagi sínum ólíkt öllum öðrum vestrænum iðnríkjum, sem nutu hjálpar innflytjenda. Öll þróuð iðnríki hafa þurft að treysta á erlent vinnuafli til þess að vinna ófaglærð störf, eða svokölluð 3K<sup>5</sup> störf (Tsuda 2001). Japanir streittust hinsvegar á móti og komust hjá því að nota útlendinga til að vinna þessi störf með því að virkja nýja uppsprettu vinnuafls, konur og ellilífeyrisþega. Þetta gekk þangað til að Japanir gerðust tilneyddir til þess að fá inn erlent vinnuafli til að vinna störf sem ungir, vel menntaðir Japanir kærðu sig ekki um að vinna. Japönsk ungmenni voru orðin treg til þess að vinna svokölluð 3K störf og í kjölfarið voru breytingar á japönsku samfélagi óhjákvæmilegar. Með þessu sýndu Japanir fram á það að ekkert þróað iðnríki gæti endalaust haldið efnahagslegum vexti gangandi án þess að reiða sig á stóra hópa erlends vinnuafls sér til aðstoðar (Tsuda 2001). Fjöldinn allur af fólki frá Suðaustur Asíu og Suður Ameríku flyktust til Japan í leit að nýjum tækifærum þar sem nú var næg eftirspurn á erlendu vinnuafli og um miðbik 10. áratugar síðustu aldar voru uppundir 800,000 erlendir verkamenn sem unnu mestmegnis í litlum eða miðlungs stórum fyrirtækjum við framleiðslu eða byggingariðnaði, löglega eða ólöglega. (Befu 2008; Tsuda 2001). Það kom að því að Japanir neyddust til þess að fá innflytjendur til landsins og það mun að öllum líkindum koma að því að þeir neyðast til þess aftur, ef efnahagurinn á ekki að verða undir.

Japan verður að gerast land sem tekur á móti innflytjendum vilji það halda stöðu sinni sem efnahagsafli í heiminum. Samkvæmt Alþjóðagjaldeyrissjóðinum mun Japan eiga erfiðari baráttu fyrir höndum heldur en aðrar þróaðar iðnvæddar þjóðir. Landsframleiðsla Japans mun lækka um 20 prósent á þessari öld ef innflytjendur koma ekki til Japans og frjósemishlutfall helst á sömu braut. Áhrifin á efnahaginn, sem er þegar í slæmri stöðu, munu ekki láta standa á sér eins og Sean Curtin bendir á: „Þessar gríðarlegu þjóðfélagslegu breytingar munu hafa gífurleg félags- og efnahagsleg áhrif á

---

<sup>5</sup> 3K stendur fyrir þrjú japönsk orð sem að lýsa þessum störfum: 汚い、危険、きつい – eða hin þrjú K: Kitanaí (skítug), kiken(hættuleg), kitsui (krefjandi).

þjóðina sem mun þar af leiðandi sjá mun hægari efnahagsvöxt á löngum tíma í framtíðinni“. Jafnframt vill hann meina að fjármálaóreiðan í Japan muni verða til þess að ákvarðanir sem koma á breytingum verða teknar:

Jafnvel þó að há skuldastaða þjóðarinnar auk þessara huldu og skaðlegu þjóðfélagsþátta muni gera ríkisstjórninni erfitt fyrir að breyta stjórnarsýslunni, þá munu að lokum erfiðar ákvarðanir verða teknar sem munu koma fjármálum japönsku þjóðarinnar í sjálfbært horf (Curtin 2002. The Declining Birthrate in Japan: Part eight – Population Scenarios and Economic Consequences)<sup>6</sup>.

Alþjóðavæðing og kapitalískur hugsunarháttur hafa gert japönsk fyrirtæki, líkt og fyrirtæki annars staðar í heiminum, meðvituð um að farandverkamenn kosta minni pening en æviráðnir starfsmenn eins og hefur verið hefð fyrir í Japan. Árið 1990 bjuggu 58 prósent framleiðslufyrirtækja í Japan við skort á vinnufólki og þurftu því að reiða sig á erlent vinnuafli sem var eini raunsæi kosturinn: „Þrátt fyrir skort á vinnufólki, sem gæti lamað hagherfið, neitaði japanska ríkið að opna dyrnar opinberlega fyrir ófaglærðum farandverkamönnum.“ (Tsuda 2001). Það er greinilegt að Japanir taka ekki á móti hvaða hjálpanði hönd sem er. Hræðsla við að sú hönd muni seinna meir koma þeim í koll er greinileg.

## **Innflytjendamáli í Japan á 20.öld**

Í dag eru innflytjendur í Japan 1,7 prósent þjóðarinnar eða um 2,2 milljónir manna sem er tiltölulega lítil prósent miðað við aðrar þjóðir. Til dæmis má nefna að innflytjendur á Íslandi eru 7,6 prósent af þjóðinni; Bretlandi 6,6 prósent; og í Þýskalandi 8,8 prósent (Rogers 2009). Innflytjendastefna Japans er einföld. Japanir vilja

---

<sup>6</sup> „The dramatic demographic changes currently in progress will be a defining feature of Japanese socio-economic life for the foreseeable future. Since both the prolonged fertility rate decline and a rapidly aging society are trends that are almost certain to continue, Japan's population will be on a steady downward path long into the current century. This massive demographic shift will have a deep social and economic impact on the nation, which will consequently experience a much slower rate of economic growth for a considerable period of time. Even though the current high public debt combined with latent adverse population dynamics will increasingly restrict the government's ability to maneuver, eventually tough policy adjustments will have to be implemented in order to put public finances back on a sustainable track.“ (Curtin 2002. The Declining Birthrate in Japan: Part eight – Population Scenarios and Economic Consequences)

taka á móti faglærðum innflytjendum en neita að taka við ófaglærðum innflytjendum (Tanikawa 1996). Þrátt fyrir þessa innflytjendastefnu, þá eru glufur í kerfinu sem gera ófaglærðum innflytjendum kleift að komast til Japan til þess að vinna. Japönsk fyrirtæki geta fengið ófaglærða innflytjendur til þess að koma í starfsþjálfun til sín, en bent hefur verið á að það sé aðeins ódýrt vinnuafli í dulargervi (Yamanaka 1993, 73). Fleiri glufur eru í kerfinu. Til dæmis var hópur kvenkyns skemmtikrafta<sup>7</sup> fjölmennasti hópur innflytjenda í Japan<sup>8</sup>, árið 1991. Á því ári voru rúmlega tvöfalt fleiri skemmtikraftar sem komu til Japans en faglærðir einstaklingar, sá hópur sem lagt er áherslu á því að fá til landsins (Yamanaka 1993, 88-89). Lagalega séð eru skemmtikraftar settir í hóp faglærða einstaklinga en Japanskar kynsystur þeirra innflytjenda sem taka þessi störf að sér, vilja ekki vinna þessi störf og eru talin óæðri. Því hefur verið bent á að þessi „faglærðu“ störf (söngvarar, dansarar, barþjónar og vændiskonur) séu aðeins í dulargervi og ættu í raun að teljast sem ódýrt vinnuafli. Aðrir hópar sem Yamanaka setur í hóp ófaglærðra einstaklinga eru nemendur, þá aðallega þeir skiptinemar sem koma til Japans til að læra japönsku. Auk þeirra eru ólöglegir innflytjendur, þeir sem hafa ekki endurnýjað vegabréfsáritun sína í Japan og vinna því ólöglega og svo síðast hópur fólks sem kallast Nikkei<sup>9</sup> (Yamanaka 1993, 77).

Um miðbik nítjándu aldar, þegar mikil fólksfjölgun átti sér stað óttuðust menn matarskort auk atvinnuskorts. Japanska ríkið hvatti fólk sem átti í erfiðleikum til þess að flytjast erlendis í leit að betra lífi. Mikill fjöldi Japana fluttist að utan og kölluðust þeir Nikkei. Áður en seinni heimsstyrjöldin hófst höfðu um 780,000 manns flutt, aðalega til Ástralíu, Suður- og Norður-Ameríku, en eftir stríð fluttust um 260,000 fleiri af landi brott. Á níunda áratuginum, þegar efnahagur Japans blómstraði, fækkaði þeim Japönum sem vildu flytjast úr landi verulega. Það var loks til þess að stefna Japanska ríkisins að hvetja fólk til að flytjast erlendis var lögð af og í staðin var reynt að endurheimta þá sem höfðu flutt út. Endurskoðun á innflytjendalögum varð til þess að réttarstöðu Nikkei í Japan var breytt til þess að auðvelda þeim að flytja aftur til síns

---

<sup>7</sup> Í töflunni á bls. 88-89 í riti Yamanaka, New immigration policy and unskilled workers in Japan stendur aðeins skemmtikraftar en á blaðsíðu 82 talar hann um þennan hóp sem kvenkyns skemmtikrafta.

<sup>8</sup> Ef ferðamenn eru ekki teknir með í talninguna. Taflan sem Yamanaka notar sýnir skiptingu nýrra vegabréfsáritanna á milli heimshluta, landa og þess hóps sem viðkomandi aðili með nýja vegabréfsáritun tilheyrir. Stærsti hópurinn eru flokkaðir undir „temporary“ en það eru ferðamenn (Yamanaka, 1993, 88-89)

<sup>9</sup> Yamanaka talar um Nikkeijin en óþarfi er að bæta við –jin, sem þýðir manneskja, í þessu orði þar sem að Nikkei þýðir „Japani sem býr ekki í Japan“.

*heimalands* (Curtin 2002, *The Declining Birthrate in Japan: Part six – A Role for Returnee Emigrants*). Fyrstu kynslóðar Nikkei, annarrar kynslóðar Nikkei (sem eiga Japanska foreldra) og þriðju kynslóðar Nikkei (sem eiga Japanska afa og ömmu) er veitt langtíma vegabréfsáritun inn í Japan. Þessi vegabréfsáritun leyfir „alla starfsemi“ og því er Nikkei einnig leyfilegt að vinna við ófaglærð störf (Ishi 2008, 118).

Japanir eru þekktir fyrir efnahagsundur sitt sem náði hámarki á níunda áratugi tuttugustu aldar. Japanski lýðræðisflokkurinn<sup>10</sup>, LDP, var lengst af við völd í Japan á tuttugustu öldinni og hélt því fram að stór hluti af velgengni japönsku þjóðarinnar mætti þakka japanska kynstofninum og að japönsk menning hafi verið einsleit, jafnvel óspillt (Yamanaka, 1993, 79). Þeim gekk einstaklega vel, sérstaklega í ljósi þeirra hamfara sem áttu sér stað í seinni heimsstyrjöldinni. Japanska þjóðin náði að vinna sig upp og varð að einu öflugasta efnahagsríki heimsins og er enn í dag. Japanir gátu leyft sér að horfa til annarra þjóða og séð hvernig innflytjendamál þróuðust í heiminum og horft upp á pólitíska og félagslega spennu myndast, og fylgst með hvernig efnahagsleg vandamál komu upp í hinum ýmsu vestrænu samfélögum heimsins. Einnig breyttist heimurinn allverulega eftir hryðjuverkaárásirnar í Bandaríkjunum þann 11. September 2001 sem varð til þess að ríki heimsins gerðust tortryggjari í garð innflytjenda og hert reglugerðir sínar í innflytjendamálum. Þrátt fyrir þetta þá koma enn fjölmargir innflytjendur til þessara Ameríku og Evrópuríkja ár hvert. Á meðan heldur Japan áfram á sömu braut og tekur ekki á móti innflytjendum að sama skapi og önnur sambærileg ríki. (Global Communications Platform - *The Declining Birthrate in Japan: Part Four – Immigration Scenarios*, 2002).

Á fyrri hluta tuttugustu aldar þegar heimsvaldastefna Japans var í hámarki komu Kínverjar og Kóreubúar í hrönnum til Japans og Japanir réðu yfir Kóreuskaga og hluta Kína. Árið 1945 voru um tvær milljónir manna frá þessum löndum í Japan en eftir stríð fóru margir til síns heimalands svo eftir varð rúm hálf milljón manna, flestir Kóreubúar. Á níunda áratuginum var þetta fólk og afkomendur þeirra stærstur meirihluti innflytjenda í Japan. Frá lokum seinni heimstyrjaldar fram til byrjunar níunda áratugarins hafði ekki verið þörf fyrir því fá innflytjendur til Japans en það var einmitt uppúr því sem innflytjendur fóru að streyma til landsins.

---

<sup>10</sup> LDP eða 自民党 á japönsku, stendur fyrir Liberal Democratic Party eða Frjálslynda Lýðræðisflokkinn.

Mikil þennsla í efnahaginum á níunda áratuginum varð til þess að vinnuafllsskortur fór versnandi sem varð svo aftur til þess að mörg lítil og millistór fyrirtæki fóru að ráða til sín ólöglega innflytjendur til þess að lifa af (Yamanaka 1993, 74-75).

Undir lok níunda áratugarins voru málefni innflytjenda áberandi í Japan. Til að mynda voru ólöglegir innflytjendur í Japan taldir vera fleiri en 100,000 manns og frá Asíu fóru að koma birtast bátar fullir af fólki sem sagðist vera flóttamenn<sup>11</sup>, um 3,500 manns alls (Yamanaka 1993, 73). Ólöglegir innflytjendur voru farnir að koma til Japans í hrönnum í leit að nýju og betra lífi. Mikill uppgangur í efnahaginum, sterkt jen og há laun, laðaði að fjöldann allan af útlendingum sem gátu unnið hjá litlum framleiðslufyrirtækjum og í byggingariðnaði, sem bæði höfðu búið lengi við vinnuafllsskort (Yamanaka 1993, 74-75).

Á sama tíma komu upp alvarleg vandamál. Japanir hafa til dæmis gerst sekir um mannréttindabrot gegn innflytjendum. Dæmi eru um að vegna ólíkra tungumála, trúarbragða, hefða og annarra ástæðna hafi innflytjendur orðið fyrir slíkum brotum (United Nations 2000, 9). Önnur vandamál fylgdu í kjölfarið, til að mynda slæmar vinnuaðstæður; misnotkun vinnuveitenda; atvinnurekendur sem notfærðu sér bága stöðu innflytjenda sér í hag; skertur réttur til atvinnuleysisbóta og sjúkratrygginga; mismunun á húsnæðismarkaði; ónæg þjónusta hjá félagsþjónustum; erfiðleikar hjá börnum innflytjenda í japönskum skólum; o.s.frv. (Tsuda 2001).

Fjölmiðlar og fræðimenn fjölluðu um málefni innflytjenda og stjórnvöld gripu loks í taumana árið 1989. Skráning útlendinga inn í landið var hert, búsetureglur voru bættar auk þess sem ráðning ólöglegra innflytjenda var bönnuð (Yamanaka 1993). Í kjölfar efnahagshrunsins í byrjun tíunda áratugarins urðu málefni innflytjenda minna áberandi og fræðimenn, fjölmiðlar og stjórnámamenn hirtu sig lítið um þennan málaflokk í langan tíma þar á eftir, þrátt fyrir að vandamál hafi enn verið til staðar (Tsuda 2001).

---

<sup>11</sup> Flóttamennirnir voru kallaðir „boat people“ eða bátafólkið, og sögðust koma frá Víetnam. Seinna kom svo í ljós að margir þessara víetnömsku flóttamanna komu í raun og veru frá Kína. Til þess að gera sér grein fyrir bágstöddum aðstæðum bátafólksins má skoða blaðagrein frá 1989 sem fjallar um mannskætt slys á einum slíkum báti. Þar er sagt frá yfirfullum fiskibáti af bátafólki sem lenti í árekstri við stórt olíufluttningaskip frá Nippon Oil. Báturinn hafði beint leið sinni til Japans eftir að bátafólkinu var neitað um hælissvist í Singapore. Fiskibáturinn sökk og um 130 manns létust á meðan þeir fáu sem lifðu slysið af voru fluttir til Yokohama þar sem þeir voru í biðstöðu, þegar fréttin var skrifuð (Sanger 1989).



Það er ljóst að nú þegar innflytjendamála koma til með að verða japönsku þjóðinni enn þyngri heldur en fyrir um tuttugu árum síðan, þá geta þeir ekki afgreitt málefni innflytjenda á þann hátt sem gert hefur verið.

## Zainichi Kóreubúar

Zainichi Kóreubúar<sup>12</sup> í dag eru þeir Kóreubúar sem komu til Japan á milli árána 1910 – 1945, þegar Kóreuskaginn heyrði undir Japan, auk afkomenda þeirra. Á þessu tímabili voru Zainichi Kóreubúar undir japanska keisaranum og því japanskir ríkisborgarar. Árið 1952 þegar San Fransisco sáttmálinn var undirritaður misstu Zainichi Kóreubúar japanskt ríkisfang sitt og uðru án ríkisfangs. Á sama tíma var Kóreustríðið í gangi og enn ekki búið að skipta Kóreuskaganum í Suður- og Norður Kóreu (Lie 2008, X). Zainichi Kóreubúar sem lifa í Japan í dag, hafa svokallaða „special permanent resident“ stöðu eða íbúar með sérstaka, fasta íbúa-stöðu. Árið 2004 voru 742,963 innflytjendur í Japan með þessa stöðu og nánast allir þeirra voru Zainichi Kóreubúar. Zainichi Kóreubúar geta gerst Japanskir ríkisborgarar og um 10,000 manns gera það ár hvert (Strausz 2010, 253-254). Það eru margar ástæður fyrir því að fleiri Kóreubúar gerast ekki japanskir ríkisborgarar. Ein af þeim ástæðum er sú, að sá aðilli sem tekur upp japanskt ríkisfang þarf einnig að taka upp japanskt nafn. Það er sérstaklega óþægilegt fyrir Kínverja og Kóreubúa, sem eru mikill meirihluti innflytjenda í Japan meðal annars vegna þess að kanji tákn sem eru algeng í kínverskum og kóreskum nöfnum er oft ekki að finna í Japönsku lettri. Sá sem bendir á þetta heitir Tei Taikin, prófessor í Tokyo Metropolitan Univesity. Tei er fyrrum Zainichi Kóreubúi og áður en hann gerðist japanskur ríkisborgari varð hann að breyta kóresku nafni sínu, Chung Daekyun. Nokkuð sem margir yrðu tregir til að gera (Strausz 2010, 253).

Þrátt fyrir að þeir Zainichi Kóreubúar sem ekki taka upp japanskt ríkisfang, hafa ýmisleg réttindi í japönsku samfélagi, einsog eins og réttindi á menntun og heilbrigðisþjónustu, þá eru þeir sem ekki taka upp japanskt réttindalausir þegar kemur að öðrum réttindum, eins og kosningarétti (United Nations 2000, 9-12). Samkvæmt

---

<sup>12</sup> Zainichi (在日) þýðir sá sem er í Japan og því er Zainichi Kóreubúi, Kóreubúi sem býr í Japan.

japönsku stjórnarskránni fá þeir ekki leyfi til að kjósa í þjóðarkosningum (alþingiskosningum), en þar segir ekkert um svæðisbundnar kosningar (sveitarstjórnarkosningum). Reynt hefur verið að gera þeim íbúum sem hafa sérstaka fasta íbúa-stöðu, kleift að kjósa í svæðisbundnum kosningum. Með þessum réttindum gæti þessi stóri hópur Zainichi Kóreubúa haft áhrif á sitt nánasta samfélag (Strausz 2010, 257). Einn ötulasti talsmaður þessara kosningaréttinda-baráttu Zainichi Kóreumanna, Fuyushiba Tetsuzo, þingmaður á japanska þinginu fyrir Flokki hreinnar ríkisstjórnar (CGP<sup>13</sup>), bendir á að það sé þróuðu lýðræðisríki ekki sómi af því að fólk geti ekki haft áhrif á sitt nánasta umhverfi með tæki eins og kosningarétti. Hann segir jafnframt:

Við ættum að koma fram við Zainichi Kóreubúa, sem hafa fæðst, alist upp, unnið fyrir sér, koma til með að deyja í þessu landi, og hafa mjög sérstaka sögu að segja í Japan, alveg eins og við japanskan ríkisborgara, án þess að gera upp á milli (Strausz 2010, 257).

Saga Zainichi Kóreubúa er löng og ströng. Fordómar og óréttlæti gagnvart þessum minnihluta hópi í Japan hefur gert það að verkum að sumir hverjir geta ekki hugsað sér að skipta yfir í Japanskt ríkisfang þrátt fyrir að búa í landinu: „að skipta um ríkisfang er ekki lausn á vandanum, þá gæti einstaklingurinn allt eins verið kallaður fyrrverandi Zainichi Kóreubúi.“ (Strausz 2010, 253). Þrátt fyrir að Zainichi Kóreubúar hafi flestir lifað í Japan allt sitt líf þá eru þeir tæknilega útlendingar í Japan og lagalega er komið fram við þá þannig. Þeir mega til dæmis ekki kjósa í þjóðarkosningum eða svæðisbundnum kosningum. Ýmiskonar umbætur á lögum hafa verið gerðar til þess að sporna við mismunun í tengslum við þjóðerni. Til dæmis segir í Japönskum lögum að „í sambandi við vinnu og vinnuaðstæður, þá sé stranglega bannað að mismuna fólki á grundvelli þjóðernis eða kynþáttar“ (United Nations 2000, 12).

Á hinn bóginn, þá er raunveruleikinn oft öðruvísi en lögin segja til um að hann eigi að vera. Persónuleg dæmi Zainichi Kóreubúa segja til að mynda, aðra sögu. Kyo Nobuko, Zainichi Kóreubúi, talar um æskuminningar sínar: „Ég þurfti að eyða auka ári í háskóla. Ástæðan: mismunun á vinnumarkaði. Þetta var í fyrsta skipti sem ég upplifði

---

<sup>13</sup>CGP eða 公明党 á japönsku, stendur fyrir Clean Government Party eða Flokk hreinnar ríkisstjórnar.

mismunun sem alvarlegt og persónulegt mál.“ (Nobuko 2008). Í þessari grein sem hún skrifar fjallar hún um líf sitt í Japan. Kyo lýsir því hvernig það er að hafa alist upp í Japan allt sitt líf og þekkir ekki annað. Hún talar japönsku reiprennandi enda búið í Japan allt sitt líf og hefur ekki einu sinni komið til Kóreu áður og talar því afar litla kóresku. Kyo lýsir því hvernig hún hitti japanskan eiginmann sinn og hugleiðingar hennar í sambandi við viðbrögð fjölskyldu hennar, hans og samfélagsins á hjónabandi þeirra. Áhyggjur hennar teygjast langt en hún veltir því jafnvel fyrir sér hvað myndi gerast ef að stríð brytist út. Hvort hún yrði útundan í matarskömmtun og svo framvegis. Áhyggjur hennar byggir hún á óréttlæti sem Zainichi Kóreubúar hafa þurft að búa við frá upphafi:

Japanarnir sem komu tveimur kynslóðum á undan eiginmanni mínum, sviftu Kóreubúana sem komu tveimur kynslóðum á undan mér, nöfnum sínum og menningu, og komu á sambandi milli ofsóttra og þeirra sem ofsóttu. Þetta er óvæfenglegur sannleikur (Nobuko 2008).

Fordómarnir og mismununin sem Zainichi Kóreubúarnir hafa upplifað eru orðin það rótgróin í samfélagi þeirra að foreldrar segja jafnvel við börn sín „að upplifa mismunun er það sem gerir þig að Kóreubúa.“ (Nobuko 2008). Áhyggjur og vangaveltur Kyo endurspegla samband Japana og Zainichi Kóreubúa og því getur maður efast um að einhverjar breytingar yrðu á þessu óréttlæti, ef Zainichi Kóreubúar skiptu um ríkisfang. Það þarf meira til en að löggilda skjalasetningu til þess að brjóta niður fordóma. Það þarf grundvallar breytingu á hugsunarhætti. Að treysta innflytjendum til að kjósa í svæðisbundnum kosningum myndi vera góð byrjun.

Samt sem áður eru til þeir Japanir sem hafa fært rök fyrir því að leyfa útlendingum ekki að kjósa í svæðisbundnum kosningum. Kazuhiro Nagao prófessor í stjórnskráarfræði innan lögfræðideildar Chuo University í Tokyo, sem er talinn vera einn af virtustu háskólum Japans, ber rök fyrir því að útlendingar ættu ekki að fá að kjósa í svæðisbundnum kosningum, í grein sem hann skrifar vegna fyrirhugaðs frumvarps sem Lýðræðisflokkur Japans (DPJ<sup>14</sup>) setti á fram um innflytjendamál. Hann bendir meðal annars á þá nýlegu breytingu í kosningalögum í Suður-Kóreu að Zainichi-Kóreubúar megi kjósa í forseta- og þingkosningum í Suður-Kóreu þrátt fyrir að búa ekki

---

<sup>14</sup> DPJ eða 民主党 á japönsku, stendur fyrir Democratic Party of Japan eða Japanski lýðræðisflokkurinn.

par. Kazuhiro veltir því fyrir sér hvort það sé rétt að leyfa þessum einstaklingum að fá að kjósa í svæðisbundnum kosningum í Japan á meðan þeir geta einnig kosið í Suður-Kóreu. Þá hafa Zainichi-Kóreubúar áhrif í tveimur löndum sem hann trúir að geti skapað stórkostleg vandræði fyrir Japan: „Ég trúir því að frumvarp sem Lýðræðisflokkur Japans er að senda af stað í þinginu gangi greinilega gegn stjórnarskránni og skapi hættu fyrir þjóðaröryggi Japans.“(Nagao án ártals). Hann heldur áfram og segir:

Þegar glufur myndast í kerfinu getur alþjóðlegur friður ekki haldist. Ef þú leyfir vini þínum að búa hjá fjölskyldu þinni, koma með á fjölskyldufundi, og segja sínar skoðanir á málunum, mun vinátta ykkar örugglega eyðileggjast. Að taka mark á skoðunum vinar þíns, skilyrðislaust, sýnir ekki fram á vináttu ykkar. Það er vert að benda á að leyfa útlendingi að kjósa í landi þínu og að leyfa vini þínum að sita á fjölskyldufundi og segja sínar skoðanir á málunum er sambærilegt. (Nagao án ártals).

Kazuhiro Nagao er greinilega fylgjandi stefnu *tan'itsu minzoku kokka*<sup>15</sup> eða Japan sem land eins þjóðernis, þegar litið er á síðustu tilvitnun hans. Þrátt fyrir þetta eiga vangaveltur hans um að Zainichi Kóreubúi geti kosið í tveimur ríkjum og haft áhrif á mála tveggja þjóða eflaust rétt á sér. Önnur rök sem bent hefur verið á, í sambandi við að leyfa Zainichi Kóreubúum ekki að kjósa, er að Norður Kórea gæti haft einhvern ávinning af því. Ástæðan fyrir því er að eftir að Kóreuskaganum var skipt upp, studdi meirihluti Zainichi Kóreubúa frekar Norður Kóreu heldur en Suður Kóreu (Lie 2008, X). Ennfremur hafa einstakir þingmenn DPJ sett fram samsæriskenningar um að hópur Zainichi Kóreubúa, sem inniheldur stuðningsmenn bæði Norður- og Suður Kóreu, eigi saman í leynimakki. Þingmenn DPJ hafa lýst því yfir að þeir séu tortryggir í garð þeirra raka sem Zainichi Kóreubúar setja fyrir því að vilja öðlast kosningaréttindi, og vilja ekki auka við áhrif Zainichi Kóreubúa í Japan (Strausz 2010, 259).

---

<sup>15</sup> *tan'itsu minzoku kokka* eða 单一民族国家 er Japanskt hugtak sem notað hefur verið frá því eftir seinni heimstyrjöldina. Hugtakið mætti þýða sem land eins þjóðernis og er mjög útbreidd skoðun meðal Japana á þjóð sinni. Fræðimenn (Murphy-Shigematsu 1993; Sugimoto 2003, 5) hafa gagnrýnt þessa fullyrðingu sem stjórnálamenn, fjölmiðlamenn og fleiri nota til þess að lýsa sérstöðu Japönsku þjóðarinnar og halda áfram að endurnýja þessa mýtu sem bent hefur verið á að komist nálægt því að telja fólki trú um það að sérstaða Japönsku þjóðarinnar skilji hana frá mannkyninu og sé í raun önnur tegund (Murphy-Shigematsu 1993).

## Innflytjendamál í japönskum stjórnámálum

Stjórnámálamenn eru valdamiklir aðilar sem geta mótað stefnur og sett lög sem geta breytt hugsunarhætti samfélags. Þegar kemur að málefnum innflytjenda í Japan hefur umræðan ekki snúist um hvort losa eigi um reglugerðir sem fjalla um komu nýrra innflytjenda til Japans heldur um hvort leyfa eigi þeim sem hafa fasta búsetu og eru nánast allir Zainichi Kóreubúar, að kjósa í svæðisbundnum kosningum sem hafa ekki sömu áhrif á landsvísu og þjóðarkosningar. Málið hefur oft verið tekið upp á japanska þinginu en ýmislegt verður til þess að málinu er hafnað, þá helst andstaða Frjálslynda lýðræðisflokksins, stærsta stjórn málaafis Japans eftir seinni heimstyrjöldina og fram á fyrsta áratugs 21. Aldarinnar, en hann hefur trekk í trekk verið ástæðan fyrir því að málið er stoppað (Strausz 2010, 258).

Árið 2009 varð skipting í ríkisstjórn og nýr flokkur, Japanski lýðræðisflokkurinn (DPJ) situr nú við stjórnvölin en sá flokkur minntist ekki á málefni innflytjenda í sinni stefnuskrá og er því alls óvíst hvort málefni þeirra verða á dagskrá von bráðar (Kan 2010). Ástæða þess að málefni innflytjenda fengu ekki byr í seglin þegar á þeim tíma sem vitað var að japanska þjóðin myndi eiga í íbúaskortsvanda í framtíðinni með var sýna að LDP hamlaði framvindu í þeim málaflokki. Á þeim ellefu árum sem LDP var í ríkisstjórn höfðu komið út spár og greinar sem fjölluðu um komandi vanda Japans og mögulega lausn vandans með að fá innflytjendur til landsins en þrátt fyrir það streittist LDP á móti í málefnum innflytjenda á þingi (Ezrati 1997). Síðustu ellefu árin sem LDP var í ríkisstjórn Japans, starfaði flokkurinn með Flokki hreinnar ríkisstjórnar (CGP). Eitt af helstu baráttumálum CGP var að leyfa útlendingum að kjósa í svæðisbundnum kosningum og reyndi flokkurinn meðal annars sex sinnum á milli árána 2000 og 2006 að láta þingið samþykkja málið (Strausz 2010, 256). En allt kom fyrir ekki því málinu var hafnað í hvert skipti. Jafnvel hefur verið talað um að stærsti stjórn málaaflokki Japans á þessum tíma, LDP hafi verið á móti útlendingum í Japan og litið á land sitt sem land eins þjóðernis *tan'itsu minzoku kokka*. Málið var kæft í hvert skipti þrátt fyrir að sveitastjórnir, sem töluðu fyrir hönd 73% þjóðarinnar, hafi beðið japanska ríkið um að leyfa innflytjendum með fasta búsetu að kjósa í svæðisbundnum kosningum (Strausz 2010, 246).

Ein af ástæðunum fyrir því að LDP gat kosið gegn þessu máli öll þessi ár er sú að almenningur hafði takmarkaðan áhuga á málefnum varðandi kosningarétt innflytjenda þegar kosningabaráttta stóð sem hæst. Í könnunum sem gerðar voru fyrir kosningar árið 2009 kom í ljós að málefni á borð við eftirlaun, heilbrigðiskerfið, efnahagsstjórn og önnur almenn málefni voru þau sem almenningur hafði áhuga á. Lítil áhugi á kosningarrétti innflytjenda gerði þingmönnum LDP kleift að taka á málinu út frá sínum persónulegu skoðunum. Þeir voru óþvingaðir af skoðunum almennings sem hafði takmarkaðan áhuga á málinu hvort eð er. Þingmenn LDP hafa því leyft sér að taka á þessu málefni af hörku og um leið sýnt sitt rétta andlit þegar kemur að málefnum innflytjenda (Strausz 2010, 247-250). Það er heldur engin furða að Japanir skuli ekki hafa áhuga á umbótum réttinda innflytjenda þegar fjölmiðlar og stjórnámálmenn tala til dæmis um að kenna megi útlendingum um glæpi í Japan. Í kjölfarið kenna 46% Japana innflytjendum um vaxandi glæpatíðni í Japan, nokkuð sem rétt er að setja stórt spurningarmerki við (Seol 2009, 599).

Þegar málefni útlendinga voru til umræðu á japanska þinginu eitt skiptið, svaraði þingmaður LDP, Gotōda Masazumi, þingmanni CGP á þann veginn að Japan ætti ekki að leyfa útlendingum að fá að kjósa í sveitarstjórnarkosningum því „það henntar illa einnar þjóðernis þjóðum líkt og Japan og öðrum Asíuríkjum.“ Sami þingmaður benti á að ekki sé hægt að líkja Ameríku og Evrópu við Japan því að í fyrrnefndu heimsálfunum séu lönd sem hægt er að kalla fjölþjóðernis þjóðir. „Kína, Japan, Suður-Kórea og Norður-Kórea [leyfa útlendingum ekki að kjósa í sveitarstjórnarkosningum]“. (Strausz 2010, 259-260). Þetta sagði þingmaðurinn árið 2004. Tveimur árum síðar leyfðu Suður-Kóreubúar öllum útlendingum að kjósa í sveitarstjórnarkosningum (Strausz 2010, 257). Innflytjendastefna LDP var greinilega frekar á þann veg að vernda Japan frá þeim, þrátt fyrir að aðrar þjóðir „sem hægt er að líkja við hina japönsku“, eins og sú Suður-Kóreska, hafi stigið skrefið sem Japanir neita að gera og leyfa innflytjendum að kjósa í svæðisbundnum kosningum.

Japanski lýðræðisflokkurinn (DPJ), nýji flokkurinn í ríkisstjórn Japans komst til valda með fínnum slagorðum á borð við: „Í dag er þrýstingur á okkur að koma á breytingum í Japan,“ og „Mikilvægasta verkefni ríkisstjórnarinnar er að koma á nýju Japan sem ræður við vandamálin.“ En athygli vekur að ekkert er talað um innflytjendamál í

stefnuskrá flokksins fyrir árið 2010 og því er sá málaflokkur í algjörrri óvissu eða jafnvel hunsaður af ásettu ráði. Í stefnuskrá DPJ fyrir þingkosningar árið 2010 er fjallað um ýmiskonar málefni. Málefni sem brýn þörf er á að fjalla um, langtímaáætlarnir og svo framvegis. Um málefni innflytjenda í Japan er ekkert fjallað, hvort sem það er um kosningaréttindi þeirra sem hafa varanlega búsetustöðu eða áætlarnir um að hleypa innflytjendum inn til landsins, og því má gefa sér það að lítið verður fjallað um innflytjendamálefni, að minnsta kosti á þessu kjörtímabili (Kan 2010). Þetta er í takt við þá gagnrýni sem japanskir stjórnámálamenn hafa fengið á sig bæði á alþjóðlegum grundvelli sem og heima fyrir. En japanskur almenningur telur stjórnámálamenn þar í landi vera óhæfa og hafa misst allan trúverðugleika eftir um tuttugu ára efnahagsniðursveiflu (Haffner 2009).

Í stefnuskrá DPJ stendur: „Okkar markmið er að búa til samfélag þar sem allir hafa möguleika til vinnu, líka eldri borgarar og konur“, og bætt er við að það þurfi „að vinna að meira jafnvægi á milli vinnu og lífs utan vinnu í Japan“ (Kan 2010). Það er því ljóst að í stað þess að taka á málum innflytjenda, sem eru bráð eins og áður hefur komið fram, þá er haldið áfram á sömu braut; að efla þátttöku eldri borgara til frekari vinnu. Þar sem lítið sem ekkert er minnst á málefni innflytjenda í stefnuskrá þessa nýja stjórn málafls í Japan, er hægt að segja að von um umbætur eru litlar og á þessu málefni gæti framtíð Japans ráðist.

### **Að fá inn innflytjendur eða ekki?**

Japanir standa frammi fyrir gríðarlegri fólksfækkun á komandi áratugum og sú leið sem líklegust er til þess að virka, og þar af leiðandi milda afleiðingar framtíðar-vandans er að fá innflytjendur til Japan. Ef ekki verður gripið til þessara úrræða kemur efnahagur Japans til með að lenda í ógöngum. Í umfangsmikilli skýrslu sem Sameinuðu þjóðirnar tóku saman árið 2000 kemur fram að fólksfækkun mun eiga sér stað í nánast öllum vestrænum ríkjum, auk Japans, á 21. Öldinni. Spáð var fyrir um það hver íbúatala hvernar þjóðar verður árið 2050 auk þess sem að fimm aðrar mögulegar atburðarrásir, með ákveðnum fyrirframgefnum stuðlum, voru athugaðar. Hér á eftir verður fjallað um

fyrstu fjórar<sup>16</sup>. Í þeim atburðarrásum sem gera ráð fyrir því að innflytjendur bæta upp skortinn, gerir sú atburðarrás sem þarfnast fæstra innflytjenda, ráð fyrir því að 17,7 prósent japönsku þjóðarinnar muni koma til með að vera innflytjendur árið 2050. Því sýna niðurstöðurnar að japanskt þjóðfélag komi til með að taka miklum breytingum, sama hvort ákveðið verði að fara eftir þessum niðurstöðum eða ekki. Annað hvort heldur Japan áfram á sömu braut sem mun enda með því að íbúatalan lækkar niður í 90 milljónir árið 2050, eða þeir breyti sínum áherslum í innflytjendamálum og vinna staðfastlega að því að fá fleiri innflytjendur til landsins til þess að laga þann vanda sem liggur fyrir.

Þrátt fyrir að niðurstöður rannsóknarinnar séu erfiður biti fyrir þjóð eins og Japan að kyngja, er ljóst að það verður að minnsta kosti að stíga skref í átt að lausn, ef vilji er fyrir því að bjarga efnahaginum. Framtíð Japans er í húfi.

Í fyrstu atburðarrásinni sem tekin er fyrir, er spáð fyrir um hvernig íbúatala Japans kemur til með að breytast, miðað við hversu margir innflytjendur stjórnvöld gera ráð fyrir að flytjist til landsins, ár hvert. Niðurstaðan er sú að vinnuafli (15-64 ára) lækkar úr 87,2 milljónum árið 1995 niður í 57,1 milljón árið 2050. Hópur fólks sem er yfir 65 ára aldri mun hækka úr 18,3 milljónum árið 1995 í 33,3 milljónir árið 2050. Hlutfall vinnandi fólks gegn ellilífeyrisþegum lækkar úr 4,8 á móti 1, árið 1995 niður í 1,7 á móti 1, árið 2050 (United Nations Population Division 2000, 53).

Önnur atburðarrásin gerir ráð fyrir því að fólksflutningar til Japans séu engir og því komi engir nýjir innflytjendur til landsins. Niðurstaða atburðarrásarinnar verður því sú sama og í þeirri fyrstu, þar sem japönsk stjórnvöld gera ekki ráð fyrir því að neinir nýjir innflytjendur flytjist búferlum og setjist að í Japan (United Nations Population Division 2000, 53). Þessi spá sýnir fram á gríðarlegar breytingar í Japönsku þjóðfélagi og ætti að vera Japönnum mikið umhugsunarefni. Þessi atburðarrás er yfirvofandi ef ekkert verður að gert í málefnum innflytjenda í Japan, það er íbúatala Japans mun lækka niður í um 90 milljónir.

---

<sup>16</sup> Síðustu tvær atburðarrásirnar fjalla um hlutfall á milli vinnuaflla og ellilífeyrisþega. Niðurstöðurnar sem fást úr þeim atburðarrásum gera ráð fyrir gríðarlegum breytingum sem er skammtilegt að skoða en óraunsæjar. Í anarri þeirra er gert ráð fyrir því að 124 milljónir innflytjenda verði þörf árið 2050 en í þeirri seinni, 553 milljónir innflytjenda en það er ólíklegt að Japan, sem nú þegar er afar þéttbýlt, geti rúmað svo mikið fólk.



Í þriðju atburðarrásinni sem tekin er fyrir, er gert ráð fyrir því að árið 2005 muni íbúatala Japans ná hámarki. Þá er það reiknað út hve marga innflytjendur Japanir þurfi á að halda, ef þeir vilja halda sömu íbúatölunni árið 2005 og árið 2050. Árið 2050 þurfa alls 17 milljónir innflytjenda að hafa fluttst til Japans, eða um 381,000 innflytjendur á ári. Þá myndi hámarks íbúatala Japans frá árinu 2005 haldast til ársins 2050. Þetta þýðir jafnframt að árið 2050 yrðu innflytjendur og afkomendur þeirra 17,7 prósent af íbúartölu Japans (United Nations Population Division 2000, 53).

Fjórða atburðarrásin gerir ráð fyrir því að stærð japanska vinnuaflsins, árið 1995 og árið 2050 haldist sú sama. Þá þarf um 609,000 innflytjendur á hverju ári á þessu tímabili til þess að það náist. Það myndi enda með því að innflytjendur og afkomendur þeirra yrðu 30 prósent af japönsku þjóðinni (United Nations Population Division 2000, 53). Í grein sinni Reluctant hosts: The Future of Japan as a Country of Immigration segir Takeyuki Tsuda að, ef þessi leið er ekki höfð að leiðarljósi, þá komi landsframleiðsla (GDP) til með að lækka um 6,7 prósent á hverju ári og bætir við að skýrsla Sameinuðu þjóðanna setji mikla pressu á Japan og að Japan muni enda á því að verða land innflytjenda hvort sem það verði gert með vilja þjóðarinnar eða ekki:

Japanska ríkið þarf brátt að endurskoða og breyta þeirri takmarkandi innflytjendastefnu sem það gengst við, og taka á móti stórum hópi ófaglærðs eða lítið faglærðs vinnufólks til þess að viðhalda efnahagi Japans, ella muni ólöglegir innflytjendur streyma til landsins. Hvort sem henni líkar það eður ei, mun japanska þjóðin þurfa að komast til botns í því hvernig hún vilji taka á því að verða innflytjenda stórveldi (Tsuda 2001).

Ýmsir stjórnámálamenn sem og annað áhrifafólk í japönsku þjóðfélagi sjá að fleiri innflytjendur til Japans er hluti af lausninni. Til dæmis má nefna japönsku Keidanren samtökin<sup>17</sup> en fjölmörg Japönsk fyrirtæki og iðnaðarsamtök eru aðilar að þeim. Keidanren samtökin hafa hleypt af stað áttakinu Japan 2025 þar sem að þau tala meðal annars um að það þurfi að búa til „nýtt Japan“ þar sem allir verði velkomnir. Þeir sem búa í Japan og leggja sitt af mörkum til samfélagsins verði velkomnir, jafnvel þeir sem

---

<sup>17</sup> Öðru nafni Nippon Keidanren eða 経団連 á japönsku, var stofnað árið 2002 þegar að Keidanren (Samband hagfræðifélaga í Japan) og Nikkeiren (Samband atvinnurekenda í Japan) sameinuðust. Hlutverk samtakanna er að auka efnahagslegan vöxt í Japan með því að standa á bak við einstaklinga, fyrirtæki og lítil samfélög

eru ekki japanskir (Nippon Keidanren 2003, 3). Einnig tala þau um að „Þessi [japönsku] samfélög verða ekki bundin af landamærum – heldur verða útlendingar í Japan auk starfsemi Japana í útlöndum lykilatriði í þessu fjölbreytta og öflugum samfélagi.“ (Nippon Keidanren 2003).

Misjafnt er hversu sáttir menn eru með þá staðreynd að innflytjendur eru einu von Japans úr vandanum. Þeir sem horfast í augun á vandamálinu og gera sér grein fyrir því að fleiri innflytjendur eru hluti lausnarinnar er einnig ljós að, koma innflytjenda geti skapað vandamál seinna í framtíðinni. Þeir eru til sem telja að best sé að hleypa innflytjendum inn í japanskt samfélag með aðgát. Ekki sé skynsamlegt að hleypa innflytjendum of nálægt sér og vonast til þess að þeir fari heim til sín þegar þeir hafi lokið sínu verki og að þá geti Japan tekið aftur við stjórntaumunum (Willis 2008, 7). Fyrirverandi forsætisráðherra Japans Junichiro Koizumi (LDP) sagði árið 2005:

Ef erlent vinnuafli í Japan fer yfir ákveðið mark munu árekstrar örugglega eiga sér stað. Ef við byrjum á því að hugsa út í hvernig við getum spornað við þeim árekstrum, þá fyrst getum við byrjað að viðurkenna að okkur vantar erlent vinnuafli en það þýðir ekki að við ættum að taka fúslega á móti útlendingum (Kashiwazaki 2006).

Það er augljóst að árekstrar geti átt sér stað, en ef lausn íbúafjölda-vandamálsins samkvæmt Sameinuðu þjóðunum er að fá rúma 300,000 innflytjendur til Japans ár hvert í fjölda áratugi, þá er ekki hægt að taka á þessum málum með slíkum silkihönskum og eitthvað verður að gera í málinu sem fyrst. Einn áratugur er liðinn frá spánni en lítið sem ekkert hefur gerst í umbótum í innflytjendamálum í Japan. Enn þann dag í dag er deilt um innflytjendamál, en þær deilur snúast frekar um kosningarrétt þeirra innflytjenda sem hafa fasta búsetu í Japan frekar en að fá inn fleiri innflytjendur til Japans. Þó svo að málefni í sambandi við kosningarétt þeirra innflytjenda sem hafa fasta búsetustöðu í Japan sé mikilvægt málefni er það aðeins smávægilegt miðað við það efnahagsvandamál sem blasir við. Meiri áherslu ætti því að leggja á að skapa stefnu sem myndi opna Japan aftur fyrir innflytjendum og gera eitthvað áður en það verður um seinan.

## Lokaorð

Rúmur áratugur hefur liðið frá því að japönsku þjóðinni var gerð grein fyrir því hvert hún stefndi í sambandi við íbúafjölda í framtíðinni, en enn hefur ekkert verið aðhafst í von um að lágmarka fólksfækkunina. Ólíklegt er að á næstu árum verði eitthvað gert til þess að opna landamæri Japans fyrir innflytjendum og því erfitt að sjá hvernig íbúatala Japans geri annað en að hrapa, eins og spáð hefur verið um. Japanir þurfa að vera opnari og ákveðnari í sínum innflytjendamálum því að öllum líkindum kemur að því að þeir munu neyðast til taka á móti innflytjendum til landsins, efnahagsins vegna. Þá verður Japan að takast á við stór vandamál og sætta sig við það að í alþjóðavæddum heimi á 21. öld þurfa ríki og þjóðir á borð við Japan að taka á móti innflytjendum opnum örmum.

Japanir verða að vinna staðfastlega í því að bæta sína stöðu vegna þess samantvinnaða íbúafjölda- og öldrunarvandamáls sem þjóðin glímir við, og koma í veg fyrir að næstu kynslóðir þurfi að lifa við þær slæmu efnahagslegu aðstæður sem spáð er fyrir um. Koma innflytjenda til Japans mun bæta efnahaginn samkvæmt sérfræðingum og því mætti ætla að brýn nauðsyn væri fyrir því að laða innflytjendur til landsins. Það ætti ekki að vera flókið því, eins og Takeyuki Tsuda bendir á, munu innflytjendur koma, löglega eða ólöglega, hver svo sem innflytjendastefna Japans sé. Flóknari eru þær aðstæður sem innflytjendur í Japan þurfa að búa við. Japanska þjóðin verður að átta sig á því að ef innflytjendur eiga að vera hluti af þjóðinni, þá getur hún ekki litið á sig sem einsleita þjóð. Japanir eiga að koma á fram við innflytjendur eins og aðra Japana, eins og Fuyushiba Tetsuzo benti á.

Fordómar og óréttlæti í garð útlendinga í Japan verður að batna og því þarf að brjóta niður fyrirframákveðnar hugmyndir um útlendinga samanber könnun sem sýnir að tæpur helmingur Japana kennir útlendingum um mikla glæpi í landinu. Ímynd útlendinga í Japan verður að bæta. Sýna þarf fram á að þeir séu traustsins virði. Mögulega með því að byrja að leyfa þeim að kjósa í sveitarstjórnarkosningum. Því ef ekki er hægt að treysta þeim Zainichi Kóreubúum sem hafa jafnvel búið í Japan allt sitt líf, þá verður öðrum útlendingum ekki treyst, og vandamálið hverfur aldrei. Það er aðeins eitt víst: Ef ekki verður komið á miklum breytingum í Japan munu afleiðingarnar

verða slæmar. Þess vegna verður að byrja á því að breyta almenningssáliti japönsku þjóðarinnar gangvart innflytjendum, svo að minnihlutahópur innflytjenda geti blómstrað í japönsku samfélagi.

Breytingar, góðar, jafnt sem slæmar eru oft upphaf að einhverju góðu. Hugsanlega er það óhjákvæmilegt að Japanir þurfi að ganga í gegnum slæmt tímabil, eins og spáð hefur verið um, til þess að upplifa góðæri á ný. Á níttjándu öld, á Meiji tímabilinu, opnaðist Japan umheiminum, þar sem ein mestu umskipti í sögu japönsku þjóðarinnar áttu sér stað. Á tuttugustu öldinni fór Japan frá því að vera þriðja-heims ríki eftir seinni heimsstyrjöldina yfir í það að verða að öðru öflugasta efnahagsríki heimsins. Þarna fór japanska þjóðin í gegnum ákveðin hamskipti og sýndi fram á að Japan gæti vel spjarað sig, jafnvel þegar gríðarlegar breytingar á þjóðfélaginu höfðu átt sér stað. Meira að segja þegar breytingarnar voru neikvæðar, eins og eftir seinni heimstyrjöldina. Síðastliðin tuttugu ár hefur Japan verið í ákveðinni stöðnun. Fyrstu alvöru skipti í ríkisstjórn Japans síðan eftir stríð, árið 2009, virðast ekki bera þann ávöxt sem vonast var eftir og það lítur ekki út fyrir að framtíð Japans muni batna í ljósi þeirra neikvæðu spáa stofnanna og fræðimanna sem hafa dunið á Japan ár eftir ár. Kannski eru önnur hamskipti óhjákvæmileg til þess að koma japönsku þjóðinni aftur upp á þann stall sem hún telur sig eiga heima á. Þó svo að þau hamskipti komi eftir slæmt tímabil, yrði þeim kannski tekið opnum örmum. Erfitt er að útskýra aðgerðarleysi þjóðarinnar en, ef það hafi engan tilgang, þá sé hægt að velta því fyrir sér hvort ákveðin sjálfseyðingarhvöt japönsku þjóðarinnar liggi þar að baki. Eitt er þó ljóst, að japanska þjóðin mun taka miklum breytingum á komandi árum, hver svo sem hún verður.

## Heimildaskrá

- Baylon, Gloria Jane (2010, 9. apríl). Nihongo a stumbling block to Filipino nurses in Japan? *Philippines New Agency*, ekkert blaðsíðatal.
- Befu, Harumi (2008). Foreword: Towards zone of hybridity in Japan. Í David Blake Willis, Stephen Murphy-Shigematsu (ritstj.), *Transcultural Japan - At the borderlands of race, gender and identity* (bls .xxii-xxv). New York: Routledge.
- Curtin, J. Sean, Samuels, Richard J., Stonehill, William T. (2002). The Declining Birthrate in Japan: Part Three - Italy-Japan Comparisons. Sótt þann 16. september 2010 af vef Japanese institute of Global Communication á [http://www.glocom.org/special\\_topics/social\\_trends/20021211\\_trends\\_s19/index.html](http://www.glocom.org/special_topics/social_trends/20021211_trends_s19/index.html)
- Curtin, J. Sean (2002). The Declining Birthrate in Japan: Part Four – Immigration Scenarios. Sótt þann 16. september 2010 af vef Japanese institute of Global Communication á [http://www.glocom.org/special\\_topics/social\\_trends/20021218\\_trends\\_s20/index.html](http://www.glocom.org/special_topics/social_trends/20021218_trends_s20/index.html)
- Curtin, J. Sean (2002). The Declining Birthrate in Japan: Part six – A Role for Returnee Emigrants. Sótt þann 16. september 2010 af vef Japanese institute of Global Communication á [http://www.glocom.org/special\\_topics/social\\_trends/20030106\\_trends\\_s22/index.html](http://www.glocom.org/special_topics/social_trends/20030106_trends_s22/index.html)
- Curtin, J. Sean (2002). The Declining Birthrate in Japan: Part eight – Population Scenarios and Economic Consequences. Sótt þann 30. september 2010 af vef Japanese institute of Global Communication á [http://www.glocom.org/special\\_topics/social\\_trends/20030128\\_trends\\_s25/index.html](http://www.glocom.org/special_topics/social_trends/20030128_trends_s25/index.html)
- Ezrati, Milton (1997). Japan's Aging Economics. *Foreign Affairs*, 76(3), 96-104
- Gordon, Bill (2000). Tokugawa Period's Influence on Meiji Restoration. Sótt þann 10. desember 2010 af vef Wesleyan University á <http://wgordon.web.wesleyan.edu/papers/jhist1.htm>
- Haffner, John (2009, 4. mars). Japan in a Post-American World. *The Huffington Post*. Sótt af vef The Huffington Post þann 20. desember 2010 á [http://www.huffingtonpost.com/john-haffner/japan-in-a-post-american\\_b\\_171933.html](http://www.huffingtonpost.com/john-haffner/japan-in-a-post-american_b_171933.html)
- Ishi, Angelo Akimitsu (2008). Between privilege and prejudice. Í David Blake Willis, Stephen Murphy-Shigematsu (ritstj.) *Transcultural Japan - At the borderlands of race, gender and identity*. (113-134). New York: Routledge.
- Kashiwazaki, Chikako (2006). Japanese Immigration Policy: Responding to Conflicting Pressures. Sótt þann 28. september 2010 af vef Migration Information á <http://www.migrationinformation.org/Profiles/display.cfm?ID=487>

- Kan, Naoto (2010). Restoring Vitality to Japan: The Demographic Party of Japan's Policy Platform for Government. Sótt þann 4. október 2010 af vef Democratic Party of Japan á <http://www.dpj.or.jp/english/manifesto/manifesto2010.pdf>
- Kato Mariko (2010). The Japan Times. Experts say Japan must change how it is handling low birthrate. Sótt þann 6. janúar 2011 af vef The Japan Times á <http://search.japantimes.co.jp/cgi-bin/nn20100105f1.html>
- Koh, Yoree (2010). Fewer Foreigners In Japan For First Time In Half-Century. Sótt þann 5. október 2010 af vef Wall Street Journal á <http://blogs.wsj.com/japanrealtime/2010/07/08/fewer-foreigners-in-japan-for-first-time-in-half-century/>
- Lie, John (2008). Zainichi (Koreans in Japan): Diasporic Nationalism and Postcolonial identity. California: University of California Press.
- Lloyd, Terri (2003). The Pension Problem. *J@pan Inc án árgangs*(50),6
- Longman, Phillip (2004). *The Global Baby Bust. Foreign Affairs* 83(3), 66
- Murphy-Shigematsu, Stephen (1993, vetur) Multiethnic Japan and the monoethnic myth. *MELUS, the Journal of The Society for the Study of the Multi-Ethnic Literature of the United States*, 18(4), 63-80
- Nagao, Kazuhiro (án ártals). Granting voting rights for foreigners violates the constitution. Sótt þann 24. september 2010 af vef á Chuo University: <http://www.yomiuri.co.jp/adv/chuo/dy/opinion/20100301.htm>
- Nippon Keidanren (2003). Japan 2050: Envisioning a Vibrant, Attractive Nation in the Twenty-First Century. Sótt þann 6. Október 2010 af vef Nippon Keidanren á <http://www.keidanren.or.jp/english/policy/vision2025.pdf>
- Nobuko, Kyo (2008). A perfectly ordinary ethnic Korean in Japan. Í David Blake Willis, Stephen Murphy-Shigematsu (ritstj.) *Transcultural Japan - At the borderlands of race, gender and identity* (47-64). New York: Routledge.
- Nurse group bats for JPEPA review (2010, 6. september). *BusinessWorld*, S1/11
- Orenstein, Peggy (2001). Parasites in Prêt-à-Porter. *The New York Times*. Sótt þann 10. desember 2010 af vef The New York Times á <http://query.nytimes.com/gst/fullpage.html?res=9B01E1DE1030F932A35754C0A9679C8B63&pagewanted=1>
- Rogers, Simon (2009). Immigration to Europe: How many foreign citizens live in each country? Sótt þann 5. Október 2010 af vef The Guardian á <http://www.guardian.co.uk/news/datablog/2010/sep/07/immigration-europe-foreign-citizens#>
- Sanger, David E (1989, 23. mars). Japan Reports 130 Boat People Lost in Collision. *The New York Times*. Sótt þann 18. desember 2010 af vef The New York Times á <http://www.nytimes.com/1989/03/23/world/japan-reports-130-boat-people-lost-in-collision.html>

- Sakamoto, Junichi (2009). Demographic Aging and Japan's Public Pension System. Lakyara. Sótt þann 13. desember 2010 af vef Nomura Research Institute, Ltd á <http://www.nri.co.jp/english/opinion/lakyara/2009/pdf/lkr200954.pdf>
- Seol, Dong-Hoon, John D. Skrentny (2009). Why Is There So Little Migrant Settlement in East Asia. *International Migration Review* 43:3 (haust) bls. 578-620. New York
- Shirokauer, Conrad, David Lurie, Suzanna Gay. (2006). A brief history of Japanese civilization. USA: Thomson Wadsworth
- Sugimoto, Yoshio (2003). *An introduction to Japanese Society*. Bretland: Cambridge university press.
- Statistical Buereau, Japan (2010). Statistical handbook of Japan 2010. Sótt þann 13. september 2010 af vef Statistical Buereau of Japan á <http://www.stat.go.jp/english/data/handbook/index.htm>
- Strausz, Michael (2010). Japanese Conservatism and the Integration of Foreign Residents. *Japanese Journal of Political Science*. 11 (2), bls. 245-264
- Tabuchi Hiroko (2011). *The New York Times*. Japan Keeps a High Wall for Foreign Labor. Sótt þann 5. janúar 2011 á vef The New York Times á <http://www.nytimes.com/2011/01/03/world/asia/03japan.html>
- Tanikawa, Miki (1996). Japan: No to Unskilled Workers. *Migration News* 3(9) ekkert blaðsíðutal. Sótt þann 15. Desember 2010 af vefsíðu Migration news á [http://migration.ucdavis.edu/mn/more.php?id=1035\\_0\\_3\\_0](http://migration.ucdavis.edu/mn/more.php?id=1035_0_3_0)
- The Economist* (2010). The dearth of births. Sótt þann 5. janúar 2010 á vef The Economist á <http://www.economist.com/node/17492838>
- Tsuda, Takeyuki (2001). Reluctant Hosts: the future of Japan as a Country of Immigration. *Migration Dialogue*, 7 (4), (ekkt blaðsíðutal).
- United Nations (2000). *International Convention on the Elimination of all Forms of Racial Discrimination - Second periodic reports of States parties due in 1999 Addendum: Japan*.
- United Nations Population Division (2000). Replacement Migration: Is It a Solution to Declining and Ageing Populations? New York
- Wagner, Cynthia G (2007). Promoting parenthood in Japan. *Futurist* 41(3), 9
- Willis, David Blake, Stephen Murphy-Shigematsu (2008) Transcultural Japan – Metamorphosis in the cultural borderlands and beyond. Í David Blake Willis, Stephen Murphy-Shigematsu (ritstj.) *Transcultural Japan - At the borderlands of race, gender and identity* (bls. 3-44). New York: Routledge
- Yamanaka, Keiko (1993). New Immigration Policy and Unskilled Foreign Workers in Japan. *Pacific Affairs*, University of British Columbia, 66(1), 72-89